



### Breytingatillaga við samþykki LV

Á stjórnarfund 23. mars 2022 samþykkti stjórn LV að leggja til eftirfarandi breytingu á samþykktum sjóðsins til viðbótar við aðrar samþykktarbreytingar sem kynntar hafa verið.

„Við gr. 11.1. bætist svohljóðandi málsliður: „Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur.“

Breytingin er gerð með vísan til 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Breytingin felur í sér áréttingu á gildandi framkvæmd og því er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Breytingin er tilkomin vegna ábendingar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem hefur breytingartillögur stjórnar á samþykktum nú til skoðunar. Tildrög ábendingarinnar er ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 391/1998 þar sem segir m.a.:

„Útreikningur á lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir skal taka mið af að iðgjald sé greitt í 40 ár og að inngreiðslur hefjist þegar einstaklingur hefur náð 20 til 30 ára aldri. Viðmiðunaraldur skal tilgreindur í samþykktum.“